



STÖÐUSKÝRSLA

25. ágúst, 2014 Bárðarbunga



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

- Meginatriði:**
- Hættustig almannavarna er enn í gildi
 - Lögreglustjórnin á Húsavík hefur ákveðið að aflétta lokun á leiðinni í Ásbyrgi og austari leið að Dettifossi, austan Jökulsárgljúfurs, vegur F864 er því opinn en vegur F862 vestan Jökulsárgljúfurs er enn lokaður
 - Litakóði Veðurstofunnar vegna flugumferðar yfir Bárðarbungu er enn appelsínugulur
 - Stöðug jarðskjálftavirkni er enn á svæðinu við jaðar, og norðan, við Dyngjujökul. Engar breytingar sjáanlegar í yfirflugi með TF SIF í dag.
 - Lokanir á hálendinu eru enn í gildi

Almannavarnastig:

Ríkislögreglustjóri í samráði við lögreglustjórana á Húsavík og Seyðisfirði hefur ákveðið að halda hættustigi almannavarna í samræmi við nýjustu athuganir vísindamanna. Vísindaráð almannavarna fundaði í morgun með vísindamönnum Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands og fulltrúum almannavarna.

Samhæfingarstöðin:

Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð er enn að störfum. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna kringum Bárðarbungu.

Skjálftavirkni:

Skjálftavirkni er enn mjög mikil, rúmlega 700 skjálftar hafa mælst frá miðnætti. Virknin þokast áfram til norðurs og er að mestu á 10 km löngu bili, með miðju undir jökuljaðrinum. Klukkan 20:39 í gærkvöldi mældist skjálfti af stærðinni 5 í Bárðarbunguöskjunni, en síðan hafa ekki orðið stórir skjálftar þar.

Berggangurinn undir Dyngjujökli er nú talinn vera um 35 km langur. Líkanreikningar byggðir á GPS mælingum benda til að um 300 milljón rúmmetrar af kviku séu í ganginum. GPS mælum verður bætt við norðan við Vonarskarð og á Urðarhálsi á næstu dögum.

- Engar vísbendingar eru um að dregið hafi úr ákafa atburðanna. Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvert framhaldið verður. Þrír möguleikar eru taldir líklegastir:
- Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til eldgoss.
- Gangurinn ná til yfirborðs og eldgos hefjist. Líklegast er að það verði við norðurenda gangsins. Þá er líklegast að verði hraungos með nokkurri sprengivirkni.
- Gangurinn ná til yfirborðs og eldgos hefjist en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli.

Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir t.d. gos í Bárðarbunguöskjunni en líkur á því eru mun minni á þessari stundu.

Lokaða svæðið: Lokanir eru í gildi á hálendinu norðan Vatnajökuls. Búið er að opna Hólsfjallaveg (F864) austan Jökulsárgljúfurs frá Þjóðvegi 1 að vegi 85. Einnig er búið að opna fyrir umferð inn í Ásbyrgi.

Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf>

Veðurstofan hefur lækkað litakóða fyrir flug úr rauðu í appelsínugult og hafa allar takmarkanir á flugi verið felldar úr gildi. Allir áætlunarflugvellir eru opnir.

Upplýsingar: Mönnun er í Samhæfingarstöðinni og þar eru veittar upplýsingar og fyrirspurnum svarað. Fjölmiðlateymi er á vakt og er með netfangið info@sst.is og síma 570 2643/44.

www.safetravel.is upplýsingasíða Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla: Næsta stöðuskýrsla verður send út með tilliti til þróunar mála á Bárðarbungusvæðinu.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild www.almannavarnir.is